

## **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um heimgreiðslur til foreldra í ljósi manneklu á leikskólum**

Lagt er til að á meðan Reykjavíkurborg getur ekki veitt yngstu börnunum leikskólapláss sé foreldrum boðnar heimgreiðslur, þ.e. mánaðarlegan styrk á meðan að beðið er eftir leikskólaplássi. Þetta úrræði væri val fyrir foreldra fyrstu tvö ár barnsins. Einhverjir foreldrar hafa tækifæri til að vera heima hjá barni sínu fyrstu misserin og geta vel hugsað sér að þiggja mánaðarlegar greiðslur frekar en að þiggja leikskólapláss. Heimgreiðsluúrræðið myndi létta á biðlistum leikskólanna sem eru í sögulegu hámarki vegna manneklu, myglu í leikskólahúsnæði og seinkun á verkefninu Brúum bilið.

### **Greinargerð**

Mikil fjölgun hefur verið á umsóknum og má helst rekja vandann til húsnæðisskorts og manneklu. Mannekla er vandi við uppbyggingu leikskólakerfisins í Reykjavík og hefur loðað við leikskóla borgarinnar árum saman. Foreldrar, starfsfólk leikskóla og leikskólastjórar senda ítrekuð áköll til borgarfulltrúa vegna ástandsins í leikskólum borgarinnar. Heyrst hefur að leikskólar sendi börn heim vikulega eða jafnvel oftast vegna manneklu. Þjónusta við foreldra barna í leikskóla hefur farið hríðversnandi undanfarin misseri. Opnunartímar hafa verið skertir og sérhvern dag eru foreldrar í óvissu með hvort barnið þeirra fái að vera út daginn á leikskólanum eða hvort það geti sótt leikskólann alla virka daga vikunnar.

Mannekla er einna helst vegna mikils álags, slæmrar starfsaðstöðu og lágra launa. Það er ábyrgð meirihlutans að leysa þennan vanda og ætti það að vera auðsótt sé vilji fyrir hendi. Mannekla í leikskólum og öðrum sambærilegum störfum er mannanna verk en ekki eitthvað lögmál.

Störf í leikskóla eru ekki eftirsótt og er ljóst að hugsa þarf út fyrir boxið til að finna leiðir til að laða fært fólk til starfa. Ekki gengur til lengdar að foreldrar ungra barna gangi stöðugt um með kvíðahnút í maganum og að starfsfólk leikskólanna sé að bugast vegna mikils álags í starfi. Mörg hundruð börn bíða eftir leikskólaplássi.

Margir foreldrar búa við mikla óvissu og mikilvægt er að sveitarfélög komi til móts við þá með öllum ráðum. Flokkur fólksins telur að heimgreiðslur til foreldra geti verið hluti af mótvægisáðgerðum á meðan ástandið er svo slæmt í leikskólamállum borgarinnar sem raun ber vitni. Framsóknarflokkurinn hefur sagst viljað skoða heimgreiðsluúrræðið og tjáði sig um þann vilja sinn í aðdraganda kosninga. Flokkur fólksins vill hvetja Framsóknarmenn til að fylgja eftir orðum sínum og skoða þetta úrræði fyrir alvöru.

Sveitarfélög víða um land eru komin fram úr Reykjavík, bæði við að eyða biðlistum og bæta þjónustu við börnin og foreldrana. Dæmi eru um leikskóla með gjaldfrjálsan mat og jafnvel hafa einstök sveitarfélög fellt niður leikskólagjöld. Ýmis sveitarfélög hafa nú þegar hafið heimgreiðslur til foreldra, t.d. Rangárþing ytra og Ölfus. Nú hefur Hafnarfjörður bæst í hópinn en frá og með 1. janúar 2023 geta foreldrar barna í Hafnarfirði sem náð hafa 12 mánaða aldri sótt um heimgreiðslur sem nema sömu upphæð og almenn niðurgreiðsla með börnum hjá dagforeldri. Reykjavík getur varla verið eftirbátur Hafnarfjarðar.

Með heimgreiðslukerfi eins og hér er lýst er komið til móts við óskir foreldra um fleiri leiðir til að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til barn fær pláss í leikskóla. Mikil seinkun hefur orðið á verkefninu Brúum bilið og því þarf að brúa það með öðrum hætti.

Góð og gagnleg umræða hefur verið í samfélaginu um mikilvægi tengsla og samveru barns og foreldra fyrstu árin. Þessi tillaga Flokks fólksins um heimgreiðslur rímar afar vel við þá umræðu. Eftir að fæðingarorlofi foreldra lýkur er mikilvægt að foreldrar hafi val um fjölbreyttar leiðir fyrir börn sín sem hentar hverjum og einum þar til barnið hefur fengið boð um leikskólapláss.

Sú staða sem er uppi í Reykjavík veldur streitu og kvíða hjá foreldrum. Óvissan er að sliga marga foreldra og er einnig óbærileg fyrir starfsmenn leikskólanna. Bregðast þarf við þessari neyð strax og tína til öll úrræði sem finnast í verkfærakistunni. Þetta ástand kemur sérlega illa niður á foreldrum með lágar tekjur og sem eru ekki með stuðning fjölskyldu. Ungir foreldrar eru ekki allir með foreldra sína og stórfjölskyldu í Reykjavík til að hlaupa undir bagga með þeim. Fjölmargar fjölskyldur eru búnar að nýta öll úrræði sem þeim bjóðast og hafa engin frekari ráð til að fá pössun fyrir börn sín. Hvernig eiga foreldrar að geta stundað vinnu sína? Í ljósi þessara þátta er mikilvægt að skoða með opnum huga tillögu Flokks fólksins um heimgreiðslur. Því fjármagni sem úrræðið krefst er vel varið og hefur jákvæð áhrif á fjölmargt annað þessu tengt.